

Sp.

319. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á láni til vatnsveitu og holræsagerðar í Keflavík.

Flm.: Ólafur Thors.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, allt að 1500 þús. kr. lán til vatnsveituframkvæmda og holræsagerðar í Keflavík.

Greinargerð.

Á Reykjanesskaga er það miklum vandkvæðum bundið að afla drykkjarvatns, svo að við sé hlitandi. Þar fyrirfinnast hvergi kaldar vatnslindir ofan jarðar, er hafa að geyma nothæft drykkjarvatn. Á þessu svæði öllu liggja allar vatnsæðar neðarlega í jarðveginum, sem er grýttur og hraunrunninn. Víða liggja þessar vatnsæðar svo djúpt, að þeirra verður ekki vart án þess að eftir sé leitað, fyrr en við neðsta fjöruborð, og verður þar að sæta sjávarföllum til þess að ná í neyzluvatn. Annars er vatn til heimilisþarfa á þessu svæði tekið úr brunnum, og er vatnið mjög misjafnt að gæðum eftir staðháttum.

Í þéttbýli, einkum í kaupstöðum og kauptúnum, er það neyðarúrræði, eins og öllum má ljóst vera, að nota vatn til neyzlu úr brunnum, sem eru innan hins byggða svæðis. Þar vofir ávallt yfir sú hættu, að sýklar, sem valda farsóttum, berist í brunna og eitri vatnið.

Í Keflavík er ekki um að ræða annað neyzluvatn en það, sem tekið er úr brunnum viðs vegar um kauptúnið. Má engan veginn við svo búið standa lengur. Byggð vex mjög ört í Keflavík, og þar eru nú um 1700 manns. En á þessu svæði er, eins og fyrr greinir, úr vöndu að ráða um öflun neyzluvatns, er fullnægi þörfum staðarins. Gripið hefur verið til þess ráðs að bora fyrir vatni í rúmlega 1 kílómetra fjarlægð frá kauptúninu. Hefur þessi borun leitt í ljós, að möguleikar eru fyrir hendi að afla neyzluvatns fyrir kauptúnið með þessum hætti, en þó því aðeins, að borað sé djúpt í jörð með nokkru millibili. Þetta verk verður mjög kostnaðarsamt, meðal annars vegna þess, að sprengja verður fyrir vatnslögninni til kauptúnsins á alllöngu svæði, og hið sama verður uppi á teningnum á löngum köflum innan bæjar. Þá ber og brýna nauðsyn til þess, að lögð verði skólþveita í Keflavík. Væri það mjög hagkvæmt, að þessi verk hvor tveggja gætu orðið unnin samtímis. Við það mundi sparast mikið fé, ef vatnspípurar og holræsin innan bæjar yrðu lögð í einn og sama skurð. Allt þetta verk kostar samkvæmt áætlun próf. Finnboga R. Þorvaldssonar 1800 þús. kr. Telja forráðamenn Keflavíkurhrepps öll torkerki á því, að þeir geti ráðizt í framkvæmd þessa verks nema þeir fái ríkisábyrgð fyrir allt að 1500 þús. kr. láni í þessu skyni.

Keflvíkingar hafa á síðari árum varið stórfé til hafnarbóta, en það gerir þeim eðlilega í svipinn þyngra undir fæti um fjáröflun af eigin rammleik til þess verks, er um ræðir í tillögu þessari.

Á næsta ári verður af hálfu ríkisins hafizt handa um stórfellda hafnargerð á þessum slóðum. Er að því stefnt, að þilskipaútgerð geti stóraukizt í Keflavík og Njarðvík. Af þessu leiðir, að mjög muni á næstu árum aukast byggð þar syðra og fjölga heimilisföstu fólki, auk þess sem stórir hópar manna viðs vegar að af landinu stunda þaðan fiskveiðar á vetrarvertíð hverri. Enn er þess að geta, að þar mun á næstunni fjölga mjög hraðfrystihúsum og bræðslustöðvum, og margs konar önnur ný tækni verður tekin þar til notkunar við fjölbreytta hagnýtingu sjávaraflla. Þegar ráðizt verður í vatnsveitu- og holræsaframkvæmdir þær, sem að er stefnt, verður að hafa hliðsjón af breytingum þeim og þróun, sem allir vita, að framtíð Keflavíkur ber í skauti sínu. Hér er, sökum staðháttu, um alveg óvenjulega kostnaðarsama framkvæmd að ræða. En auk þess hefur lausn þessa torleysta viðfangs-efnis mjög almenna þýðingu, þar sem hagsmunir sjávarútvegsmanna hvaðanæva af landinu verða í framtíðinni mjög tengdir við fiskveiðar frá þessum stað.

Mál þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndar Keflavíkurhrepps, og er bréf lögreglustjórans í Keflavík ásamt kostnaðaráætlun próf. Finnboga R. Þorvaldssonar prentað hér á eftir sem fylgiskjöl.

Fylgiskjal I.

LÖGREGLUSTJÓRINN Í KEFLAVÍK

Keflavík, 30. nóv. 1945.

Árin 1941—1942 lét hreppsnefndin bora fyrir vatni hér í Keflavík, og voru boraðar 2 holur, er gefa til samans 6 sekúndulítra. Síðan hafa framkvæmdir um vatnsveitumál kaupsins legið niðri. 1944 var hafizt handa um skólpleiðslur í kaupsinu, og hefur nokkuð verið unnið að því síðan. Vegna hins öra vaxtar kaupsins getur það ekki talizt verjandi, að hvorki sé hér vatns- né skólþveita, frá menningarlegu og heilbrigðislegu sjónarmiði séð.

Hreppsnefndin hefur því fullan hug á því nú, að hefjast framkvæmda í þessum efnum fyrir alvöru og fékk því staðfestingu stjórnarráðsins á reglugerðum um holræsi og vatnsveitu fyrir kaupsnið með tiltölulega háum gjaldtaxta.

Áætlaðar tekjur af tengigjöldum, sem greidd eru í eitt skipti fyrir öll, eru samtals kr. 300000.00, en árlegar tekjur eru áætlaðar kr. 97000.00.

Kostnaðaráætlun hefur verið gerð yfir framkvæmdirnar af hr. próf. Finnþoga R. Þorvaldssyni, og er kostnaðurinn kr. 1800000.00.

Með því að verk þetta er svo dýrt og ekki verður hægt að láta gjaldþegna hreppsins greiða það nema á löngum tíma, er nauðsynlegt, að lán verði tekið til framkvæmdanna.

Það eru því vinsamleg tilmæli hreppsnefndarinnar til yðar, herra þingmaður, að beita yður fyrir því innan þingsins, að ríkisábyrgð fái st fyrir láni allt að kr. 1500000.00 til vatns- og holræsagerðar í Keflavík. Er áherzla lögð á, að ríkisábyrgðin fái st nú á þessi þingi, svo að hægt verði að hefja undirbúning allan nú þegar með efniskaup og hefja framkvæmdir í vor.

Kostnaðaráætlun próf. Finnþoga R. Þorvaldssonar fylgir hér með.

Virðingarfyllst.

F. h. hreppsnefndar Keflavíkurhrepps.

A. Gíslason.

Hr. forsætisráðherra Ólafur Thors, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FINNBOGI RÚTUR ÞORVALDSSON

Reykjavík, 8. nóv. 1945.

Áætlun um vatnsveitu og skólþveitu í Keflavíkurkaupsni.

Sú áætlun, sem hér verður gerð, er útdráttur úr heildaráætlun um vatnsveitu og skólþveitu í Keflavíkurkaupsni og nær aðeins til þess hluta kaupsins, sem nú er að miklu leyti byggður, en báðar veiturnar ber að gera með þeirri fyrirhyggju, að þær fullnægi þörfum íbúanna á því svæði, sem þær ná til, þótt byggðin aukist og íbúatalan tvöfaldist.

Takmörk þess svæðis, sem nú er áætlað að leggja veitugreinar um, eru þessi:
Að norðan: Vesturbraut.

Að vestan: Kirkjuvegur suður að Aðalgötu, fyrirhuguð gata milli Aðalgötu og Skólavegar og frá Skólavegi Sólvallagata og framhald hennar um 215 m suður fyrir Vatnsnesveg.

Að sunnan: Fyrirhuguð gata þvert á Hafnargötu um 215 m fyrir sunnan Vatnsnesveg.

Á þessu svæði eru þó nokkrir götukaflar, þar sem formaður vatnsveitunefndar taldi ekki þörf á vatnsæðum eða holræsum fyrst um sinn, og eru þeir því ekki reiknaðir með í þeirri kostnaðaráætlun, sem hér er gerð.

Vatnsmagnið úr þeim tveim borholum, sem gerðar hafa verið, fullnægir varla vatnspörf kaupsins, jafnvel þótt það notist að fullu. Samtals nemur það 6 sekúndulitrum, eða 518,4 tonnum á sólarhring, en miðað við vatnsnotkun í kaupsinum og bæjum hér á landi, mun það aðeins nægja um 1500 íbúum. Auk þess má reikna með, að vatnsmagnið í gömlu vatnsveitunni nægi um 200 íbúum, en þar sem gamli vatnsgeymirinn stendur miklum mun lægra en hinni nýi, svarar ekki kostnaði að setja gömlu veituna í samband við þá vansveitu, sem nú er fyrirhuguð. Gamla veitan verður því aðeins hverfisveita í kaupsinum, ef hún verður starfrækt.

Í Keflavík munu nú vera um 1700 íbúar. Það vatnsmagn, sem nú er fyrir hendi, nægir því varla til allra þarfa, nema sparlega sé á haldið, og yrði of lítið eftir nokkur ár, þegar íbúum fjölga í kaupsinum, eins og líklegt er.

Af þessum ástæðum tel ég rétt að afla meira vatns, annað hvort með því að vikka borholurnar upp í 6" í þeirri von, að þá fengist meira vatn, eða með því að bora 1—2 nýjar holur á hentugum stað nærri nýja vatnsgeyminum.

Vegna væntanlegrar stækkunar á vatnsveitunni á komandi árum, tel ég rétt að hafa stofnæðina frá geyminum 10" gilda, en annars eru götuæðarnar álíka víðar og áður hefur verið áætlað.

Stofnæð og götuæðar eru samtals reiknaðar 9200 m, en holræsin 6500 m. Eru þar með talin ræsi fyrir afrennsli gatna, en ekki mun þó nauðsynleg að leggja þau samtímis skólpeitunni, þar sem göturnar eru ófullgerðar.

Ger er ráð fyrir, að vatnsæðar og holræsi verði lögð í sama skurð, þar sem því verður við komið, og að vatnsæðar verði lagðar í þá holræsaskurði, sem þegar hafa verið gerðir. Stofnæð og gildustu greinar vatnsveitunnar eru áætlaðar úr ryðvörðu stáli, en grenni pipurnar úr zinkuðu járn.

Kostnaðaráætlun.

2 dælustöðvar og þrýstivatnspípur	kr.	90000.00
450 tonna vatnsgeymir úr járn, einangraður með hraunsteypu	—	97500.00
Vatnspípur, tengistykki, rennilokar, brunahanar	—	273000.00
Skólppípur og götubrunnar	—	157500.00
Jarðvinna og lögn á vatnsæðum og skólpeitu	—	972800.00
Verkstjórn og ófyrirséð	—	209200.00

Samtals krónur 1800000.00

Eins og sést af þessari áætlun um kostnað mannvirkjanna er jarðvinnan stærsti kostnaðarliðurinn, enda er erfitt að gera sér grein fyrir, hve mikið kostar að grafa og sprengja pípuskurði í jafngrýttum jarðvegi og í Keflavík. Um þetta atriði hef ég stuðzt við þá reynslu, sem þegar er fengin, en þó áætlað vinnukostnað við veituskurðina um kr. 120.00 á lengdarmetra, eða nokkru lægra en hann hefur orðið í þeim skurðum, sem grafnir hafi verið, enda munu holræsin yfirleitt verða lögð grynna ofar í kaupsinum en fram við Hafnargötu, og jarðvegurinn virðist ekki eins grýttur þar og fram við sjóinn.

Áður en ráðizt er í lögn vatnsveitunnar um kaupsnið, er rétt að rannsaka til hlítar, hvort nægilega mikið vatn fæst úr borholunum með því að setja upp dælustöðvarnar og dæla vatni úr borholunum í nokkrar vikur og mæla jafnframt, hvort vatnsborðið lækkar í holunum. Hef ég áður bent á, að þetta mætti gera með því að leggja til bráðabirgða ofanjarðar vatnspípur frá dælustöðvunum að hentugum stað í kaupsinum, þar sem vatnið gæti komið að notum.